



Skipulagsstofnun
Laugavegur 166
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. apríl 2007
Tilvísun: 2007030015
Bréfalykill: 22.2

Efni: Umsögn um fyrirhugaða borun könnunarholu vestan Kolviðarhóls vegna niðurrennslistilrauna - tilvísun Skipul.st. 2007030043

Orkustofnun hefur mótttekið bréf Skipulagsstofnunar dag. 20. mars 2007, mál 2007030043.

Orkustofnun telur að umrædd framkvæmd sé hluti eðlilegra rannsókna á jarðhitasvæði Hengils og rýmist innan rannsóknarleyfis iðnaðarráðherra sem gildir frá 1. júní 2001 til 1. júní 2016. Eins og fram kemur í greinargerð VGK-Hönnunar (mars 2007), sem fylgdi með ósk Skipulagsstofnunar um umsögn Orkustofnunar, voru fyrirhugaðar niðurrennslisholur við Gráuhnúka heitari en gert var ráð fyrir og gætu jafnvel nýst sem vinnsluholur. Ein ástæða hins mikla hita í holunum getur verið sú að borað hafi verið í jaðar háhitasvæðisins þar sem lekt er minni en innan svæðisins og hiti á ekki eins auðvelt með að sleppa til yfirborðs. Á sama hátt má gera ráð fyrir að misgengi þau sem fyrirhugað er að kanna með nýrri holu marki jaðar háhitasvæðisins og verði einnig mjög heitar þar sem þau liggja frá jarðhita í Sleggjubeinsskarði og stefna á niðurrennslisholur við Gráuhnúka (teikning 3 í skýrslu VGK-Hönnunar).

Í áætlun um förgun affallsvatns frá Hellsheiðarvirkjun er gert ráð fyrir að veita því í jaðar jarðhitasvæðisins á miklu dýpi þannig að það komi jarðhitakerfinu til góða og mengi ekki grunnvatn í nágrenni Hengils. Til að skera úr því hvort fyrirhuguð staðsetning sé heppileg til niðurdælingar þarf að bora rannsóknarholu(r) og gera tilraun með niðurdælingu affallsvatns, sennilega í nokkra mánuði. Þar sem verðmætar náttúruminjar skaðast ekkert við fyrirhugaða borun og vegagerð og borplön eru í lágmarki telur Orkustofnun ekki að framkvæmdin þurfi að fara í umhverfismat né þurfi að breyta rannsóknarleyfum eða skipulagi vegna þeirra. Komi í ljós að þessi nýi staður er heppilegur til niðurdælingar mun framkvæmdin sennilega hafa áhrif á skipulag svæðisins.

Með kveðju

Helgi Torfason

Hákon Aðalsteinsson